

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í þéttbýli Rangárþings eystra 2007.

1. gr.

Gjald fyrir að halda kött í þéttbýli Rangárþings eystra skv. 3. mgr. 2. gr. samþykktar um kattahald í Rangárþingi eystra skal vera kr. 2.500 á árinu 2007. Gjaldið greiðist á gjalddaga 30. apríl.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.400 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.800 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Rangárþingi eystra nr. 155 frá 10. febrúar 2006.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 14. desember 2006,

Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2007